
Viðburðir 16 daga átaks gegn kynbundnu ofbeldi 2010



Fimmtudagurinn 25. nóvember markar upphaf **16 daga átaks gegn kynbundnu ofbeldi** undir yfirskrift ársins 2010 - **Berjumst gegn ofbeldi gegn konum á áttaksvæðum.**

Í tilefni dagsins standa mannréttindasamtök og kvennahreyfingin á Íslandi fyrir **Ljósagöngu** til að vekja athygli á ofbeldi gegn konum og hvetja til aðgerða. Lagt verður af stað frá Þjóðmenningarhúsi kl. 19:00 og gengið niður að Sólfarinu þar sem Friðarsúlan verður tendruð kl. 19:45.

Sömu samtök munu standa fyrir fleiri viðburðum og einnig munu birtast greinar í tengslum við átakið í blöðum og á netinu.

Á meðan á **16 daga áttakinu** stendur munu Þjóðmenningarhúsið í Reykjavík og Ráðhús Akureyrarbæjar vera lýst með appelsínugulu ljósi, lit áttaksins, til að vekja athygli á málstaðnum.

Til viðbótar við þá viðburði sem birtast hér fyrir neðan má nefna upplestur höfunda úr verðlaunabókum um málefni er snertir kynbundið ofbeldi, kvikmyndasýningu, og kynningu á bæklingi með úrræðum fyrir konur í ofbeldissamböndum. *Upplýsingar um tíma og staðsetningar verða settar á síðuna á næstu dögum.*

Fimmtudagur 25. nóvember

- **Kl. 08:15 - 09:30** Morgunverðarfundur UNIFEM á hóteli Loftleiðum. Yfirskrift: *Jafnrétti sem sóknarfæri: heima og að heiman*. Sjá nánar á www.unifem.is.
- **Kl. 19:00 - 20:00** Ljósaganga frá Þjóðmenningarhúsi að Sólfari. Ljósaganan er í umsjón UNIFEM og markar upphaf 16 daga áttaksins. Kyndlar verða seldir á staðnum. Sjá nánar [hér](#).

Laugardagur 27. nóvember

- **Kl. 10:00 - 17:00** Félagið Alnæmisbörn stendur fyrir brauð-, köku- og kertasölu í Kringlunni, en féð sem safnað er rennur í menntunarsjóð fyrir ungar bágstaddar stúlkur í Kampala, Úganda.

Miðvikudagur 1. desember

- **Kl. 18:00** Blysför verður frá Ráðhústorgi að **Akureyrarkirkju** en þar verður samverustund í kapellunni með Hildi Eir Bolladóttur prest. Blysförin er haldin af Samtökunum '78 á Akureyri og Félagi foreldra og aðstandenda samkynhneigðra á Akureyri.

Blysförin hinn 1. desember (alþjóða alnæmisdaginn) er hluti af stærra verkefni í tengslum við 16 daga áttakið sem Jafnréttisstofa kemur að ásamt ofangreindum samtökum. Það tengist fræðslu í framhaldsskólum um kynbundið ofbeldi og afleiðingar þess - andlegar, félagslegar og heilsufarslegar. Jafnréttisstofa og Aflið ræða við nema um

afleiðingar ofbeldis s.s. nauðgunar og tengja út í heim á áttaksvæði þar sem kynbundið ofbeldi er ein birtingamynd valds í hernaði, flóttamannabúðum o.s. frv.

Þriðjudagur 7. desember

- **Kl. 19:30 - 22:00** Kvikmyndasýning 4. hæð Rósenborg, **Akureyri**. Jafnréttisstofa, Aflið – samtök gegn kynferðis- og heimilisofbeldi, Kvikmyndaklúbbur Akureyrar og Akureyrarbær standa að sýningu Grbavica - The Land of My Dreams. Nánari upplýsingar á www.jafnretti.is.

Fimmtudagur 9. desember

- **Kl. tilkynnt síðar** Verðlaunahöfundarnir* Þórdís Elva Þorvaldsdóttir, Gerður Kristný Guðjónsdóttir og Vilborg Davíðsdóttir lesa upp úr verðlaunabókum sínum á Bíó Paradís þar sem einnig verða til sýnis myndir úr bók Þórdísar Elvu Þorvaldsdóttur, *Á mannamáli*. MRSÍ og Bíó Paradís standa að viðburðinum.

**Upplestur nokkurra höfunda til viðbótar verður staðfestur innan skamms.*

Föstudagur 10. desember

- **Kl. 12:00-13:00** Súpufundur KRFÍ í samkomusal Hallveigarstaða. Sjá nánar á heimasíðu KRFÍ, www.krfi.is.
- **Kl. tilkynnt síðar** Jafnréttisráð afhendir Jafnréttisviðurkenninguna fyrir árið 2010.